

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitu í Breiðdalshreppi

1. gr.

Vatnsgjald.

Af öllum fasteignum í Breiðdalshreppi sem tengdar eru vatnsveitu Breiðdalshrepps, ber að greiða vatnsgjald árlega til sveitarfélagsins, nema sérstaklega sé um annað samið.

2. gr.

Stofn til álagningar vatnsgjalds.

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,35% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

3. gr.

Gjalddagar.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignagjalda og greiðist vatnsgjaldið með fasteignagjöldum.

4. gr.

Aukavatnsgjald.

Auk vatnsgjalds, skulu fyrirtæki og aðrir, er nota kalt vatn til annars en heimilisparfa, greiða aukavatnsgjald. Aukavatnsgjald er innheimt eftir á samkvæmt mældri notkun með rúmmetramæli sem vatnsveita leggur til. Aukavatnsgjald fyrir hvern m³ samkvæmt mæli er kr. 33.

5. gr.

Mælaleiga.

Greiðendur aukavatnsgjalds skulu árlega greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

Stærð mælis: Fastagjald í kr. á dag:

< = 40 mm 46 kr. á dag.

> = 40 mm 93 kr. á dag.

7. gr.

Stofngjald

Stofngjald vatnsveitu skal innheimt af öllum fasteignum sem tengdar eru vatnsveitu Breiðdalshrepps. Fyrir hús allt að 400 m³ kr. 159.952,- Fyrir hverja 10m³ umfram 400m³ kr. 2.309,-

8. gr.

Ábyrgð á greiðslu gjalda.

Eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds.. Vatnsgjald nýtur aðfararheimildar skv. 9. gr. laga nr. 32/2004. Vatnsgjald, ásamt vöxtum og áföllnum kostnaði nýtur lögveðsréttar í fasteign eiganda næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfaraveði.



8. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005.

Samþykkt af sveitarstjórn Breiðdalshrepps 18. desemberr 2014

Breiðdalsvík, 18. desember 2014
Sif Hauksdóttir, verkefnastjóri